

Fimmtudaginn 12. mars 1998.

Nr. 477/1997.

Ákærvaldið

(Símon Sigvaldason saksóknari)
gegn

Magnúsi Rósinkrans Jónssyni

(Othar Örn Petersen hrl.)

Endurupptaka máls. Tolllagabrot. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1997 að genginni ákvörðun réttarins 20. október sama árs um endurupptöku þess samkvæmt beiðni ákærða. Af hálfu ákærvalds er þess aðallega krafist, að héraðsdómur verði staðfestur um sakfellingu ákærða fyrir fullframið brot gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987, en til vara, að hann verði dæmdur fyrir tilraun til brots gegn sama ákvæði, sbr. 125. gr. laganna.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins.

I.

Málið á rætur að rekja til þess, að á árunum 1988 til 1992 flutti Garri hf., sem síðar fékk heitið Gnípa hf., til landsins alls 92 sendingar af frosnum forsteiktum kartöflum. Ákærði var þá framkvæmdastjóri félagsins og formaður stjórnar þess. Félagið fékk vörusendingar þessar tollafgreiddar með framvísun aðflutnings-skýrslna og greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt þeim. Aðflutningsgjöldin voru nánar tiltekið tollur frá upphafi fyrrgreinds tímabils til ársbyrjunar 1992, jöfnunargjald á öllu tímabilinu og virðisaukaskattur frá byrjun ársins 1990 til loka tímabilsins.

Samkvæmt gögnum málsins tóku tollyfirvöld umræddan innflutning til rannsóknar, og gaf ákærði fyrst skýrslu fyrir þeim 24. júní 1992. Eftir rannsóknina tók ríkistollstjóri aðflutningsgjöld félagsins til endurákvörðunar 4. mars 1993. Þessi endurákvörðun var kærð til ríkistollanefndar, sem staðfesti hana í meginatriðum með úrskurði

28. maí 1993. Samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar munu vangreidd aðflutningsgjöld vegna þessa innflutnings hafa talist nema 46.176.441 krónu, en af þeirri fjárhæð taldi nefndin kröfu um 5.075.493 krónur vera fyrnda.

Ákæra var gefin út í málinu 22. ágúst 1995. Ákærða var þar gefið að sök að hafa brotið gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga með því að hafa svikið undan aðflutningsgjöld af umræddum vörusendingum, að fjárhæð 46.176.441 krónu. Segir í ákæru, að ákærði hafi í þessu skyni framvísað við tollyfirvöld reikningum, sem sýndu aðeins hluta af því, sem var í raun greitt fyrir vörurnar, en með fulltingi erlends seljanda þeirra hafi það, sem vantaði upp á rétta tilgreiningu vöruverðs, verið fært yfir á reikninga fyrir pappaöskjur, sem báru mun lægri aðflutningsgjöld og félagið keypti af sama seljanda. Fyrir héraðsdómi neitaði ákærði sök. Með hinum áfrýjaða dómi, sem var kveðinn upp 24. nóvember 1995, var ákærði sakfelldur fyrir að hafa svikið undan aðflutningsgjöld, að fjárhæð 33.065.089 krónur, af samtals 75 vörusendingum. Var hann dæmdur til að sæta fangelsi í tvö ár, en þar af var fullnustu 21 mánaðar fangelsisvistar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var ákærði einnig dæmdur til að greiða í ríkissjóð 75.000 krónur í saksóknarlaun svo og 4/5 hluta alls annars sakarkostnaðar. Samkvæmt bréfi verjanda ákærða til ríkissaksóknara 20. febrúar 1996 ákvað ákærði að áfrýja ekki héraðsdóminum.

Með dómi Hæstaréttar, sem gekk 19. desember 1996 í máli þrotabús S. Óskarssonar & Co. hf. gegn íslenska ríkinu, var felldur úr gildi úrskurður ríkistollanefndar 28. janúar 1994 um endurákvörðun á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings þess félags á frystum forsteiktum kartöflum á tímabilinu frá febrúar 1988 til sama mánaðar 1992. Var sú niðurstaða reist á því, að álagning sérstaks jöfnunargjalds af þessum vöruflokki, eins og því var breytt með reglugerð nr. 109/1988, fengi ekki „samrýmst þeim takmörkunum, sem heimild ráðherra voru settar, og þeim kvöðum um málefnalegan grundvöll skattheimtu og stjórnsýslu, sem gæta varð“, svo sem sagði í dóminum. Í beiðni ákærða 10. júlí 1997 um endurupptöku málsins, sem Hæstiréttur féllst á samkvæmt áðursögðu, var meðal annars vísað til þess, að með umræddum dómi hefði verið dæmd ólögmæt álagning sams konar jöfnunargjalds og hann hefði meðal annars verið sakfelldur fyrir að koma Garra hf. undan að greiða.

II.

Mál þetta er komið nú til meðferðar fyrir Hæstarétti samkvæmt fyrrnefndri ákvörðun réttarins um að heimila endurupptöku þess, en svo sem áður greinir, var héraðsdómi ekki áfrýjað eftir almennum reglum. Í 188. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála segir, að ef orðið sé við beiðni um endurupptöku máls, sem dæmt var lokadómi í héraði, geri ríkissaksóknari ráðstafanir til áfrýjunar málsins. Fari annars um meðferð málsins og flutning fyrir Hæstarétti eftir ákvæðum XVIII. kafla laganna.

Samkvæmt framangreindu bar ríkissaksóknara að genginni ákvörðun Hæstaréttar um endurupptöku málsins að gæta að því, að fram kæmi af hálfu ákærða, í hvaða skyni hann áfrýjaði héraðsdómi, sbr. 147. gr. og 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, svo sem þeim ákvæðum var breytt með 7. gr. og 11. gr. laga nr. 37/1994. Átti ríkissaksóknari því til samræmis að marka málinu farveg fyrir Hæstarétti með því að taka af tvímæli um tilgang áfrýjunar í áfrýjunarstefnu. Þetta var ekki gert.

Við málflutning fyrir Hæstarétti reisti ákærði kröfu sína um sýknu meðal annars á því, að ákærvaldið hefði ekki sannað, að hann hefði brotið gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga með þeim hætti, sem haldið sé fram í ákæru. Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, verður ákærða að teljast heimilt gegn mótmælum af hálfu ákærvaldsins að koma þessari málsvörn að hér fyrir dómi.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá gögnum málsins, sem héraðsdómari taldi sanna sök ákærða að því leyti, sem hann var sakfelldur. Gögnin, sem þar um ræðir, hafa aðeins að óverulegu leyti verið lögð fyrir Hæstarétt. Eins og ríkissaksóknari hefur gert málið úr garði, liggja þannig engan veginn fyrir viðhlítandi sönnur fyrir sök ákærða. Verður hann því sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður allur sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, sem eru ákveðin í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Rósinkrans Jónsson, er sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða á báðum dómstigum, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmans, samtals 250.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 1995.

Ár 1995, föstudag 24. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-789/1995: Ákærvaldið gegn Magnúsi Rósinkrans Jónssyni, en málið var dómtekið 30. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 22. ágúst 1995, á hendur „Magnúsi Rósinkrans Jónssyni, Eskiholti 15, Garðabæ, kennitala 090936-3449, fyrir tolllagabrot með því að hafa við innflutning á frönskum kartöflum hingað til lands frá Meijer Frozen Food í Hollandi á tímabilinu frá ágúst 1988 til júní 1992 í nafni Garra hf., nú Gnípu hf., Reykjavík, en ákærði var þá stjórnarformaður í félaginu og framkvæmdastjóri þess, framvísað við tollfyrirvöld vörureikningum og aðflutningsskýrslum, sem sýndu einungis hluta af því, sem hann greiddi raunverulega fyrir vöruna, í því skyni að svíkjanda verulegan hluta aðflutningsgjalda, og námu vangreidd gjöld af þessum sökum samtals 46.176.441 kr. af eftirgreindum 92 vörusendingum, sem tollafgreiddar voru, sbr. I. lið, og með fulltingi hins erlenda seljanda fært það, sem vantaði á, að kartöfluverðið væri rétt tilgreint, yfir á annan varning, pappaöskjur, sem báru mun lægri aðflutningsgjöld en kartöflurnar og ákærði keypti í miklu magni af sama aðila m. a. í þessu skyni, og lagt fram við tollfyrirvöld gögn, sem sýndu til muna of hátt viðskiptaverð þessa varnings, og námu ofgreidd aðflutningsgjöld af þessum sökum samtals 3.335.436 kr. af eftirgreindum 14 sendingum, sbr. II. lið.

I. Innflutningur á kartöflum:

Nr.	Dags. vörureiknings:	Tollafgreiðslumánuður:	Magn kartaflna, kg:	Verð skv. fram lögðum gögnum, NLG:	Raunverulegt verð, aðflutnings- NLG:	Greidd gjöld, kr.:	Vangreidd aðflutningsgjöld, kr.:
1.	19/7 '88	ágúst	10.342	5.171,00	10.962,52	386.085	283.749
2.	19/7 '88	ágúst	10.342	5.171,00	10.962,52	386.085	283.749
3.	2/8 '88	ágúst	10.288	5.144,00	10.905,28	382.705	282.269
4.	2/8 '88	ágúst	10.287	5.143,50	10.904,22	382.681	282.240
5.	9/8 '88	sept.	10.778	5.389,00	11.424,68	396.425	296.854
6.	9/8 '88	sept.	10.777	5.388,50	11.423,62	396.401	296.826
7.	25/10 '88	nóv.	10.723	4.289,20	10.723,00	379.045	331.590

8.	25/10 '88	nóv.	10.723	4.289,20	10.723,00	379.045	331.590
9.	15/11 '88	nóv.	10.288	4.115,20	10.288,00	366.679	318.139
10.	15/11 '88	des.	10.287	4.114,80	10.287,00	367.392	319.211
11.	7/12 '88	des.	10.751	4.300,40	10.751,00	375.085	333.608
12.	7/12 '88	des.	10.750	4.300,00	10.750,00	375.065	333.575
13.	18/1 '89	jan.	10.921	4.368,40	10.921,00	412.942	353.034
14.	18/1 '89	jan.	10.920	4.368,00	10.920,00	374.611	352.980
15.	8/2 '89	feb.	10.274	4.109,60	10.274,00	365.855	334.158
16.	8/2 '89	mars	10.274	4.109,60	10.274,00	406.726	341.921
17.	1/3 '89	mars	10.866	4.346,40	10.866,00	338.870	361.618
18.	1/3 '89	mars	10.866	4.346,40	10.866,00	427.733	361.617
19.	22/3 '89	apríl	10.907	4.362,80	10.907,00	408.135	363.744
20.	22/3 '89	apríl	10.907	4.362,80	10.907,00	408.135	363.744
21.	19/4 '89	maí	10.751	4.300,20	10.751,00	399.909	359.247
22.	19/4 '89	maí	10.750	4.300,20	10.750,00	438.121	359.190
23.	10/5 '89	maí	10.444	4.177,60	10.444,00	368.267	348.979
24.	10/5 '89	júní	10.444	4.177,60	10.444,00	370.577	352.438
25.	7/6 '89	júlí	10.076	4.030,40	10.076,00	255.900	241.979
26.	7/6 '89	júní	10.077	4.030,80	10.077,00	400.145	340.054
27.	28/6 '89	júlí	10.818	4.327,20	10.818,00	398.447	381.037
28.	28/6 '89	júlí	10.818	4.327,20	10.818,00	271.668	259.798
29.	5/7 '89	júlí	10.675	4.270,00	10.675,00	285.203	256.363
30.	5/7 '89	júlí	10.676	4.270,40	10.676,00	254.976	256.389
31.	26/7 '89	ágúst	10.016	4.006,20	10.016,00	266.262	250.658
32.	26/7 '89	ágúst	10.015	4.006,20	10.015,00	266.262	250.617
33.	17/8 '89	ágúst	10.287	4.115,00	10.287,00	278.055	257.424
34.	17/8 '89	ágúst	10.288	4.115,00	10.288,00	278.055	257.466
35.	23/8 '89	sept.	10.294	4.117,60	10.294,00	279.267	258.510
36.	23/8 '89	sept.	10.295	4.118,00	10.295,00	279.284	258.535
37.	30/8 '89	okt.	10.417	4.166,80	10.417,00	288.779	272.359
38.	30/8 '89	okt.	10.417	4.166,80	10.417,00	288.779	272.359
39.	1/11 '89	nóv.	10.778	4.311,20	13.472,50	328.321	415.652
40.	1/11 '89	nóv.	10.777	4.310,80	13.471,25	294.511	416.669
41.	5/12 '89	des.	10.778	4.311,20	13.472,50	322.880	430.365
42.	5/12 '89	des.	10.777	4.310,80	13.471,25	322.949	430.284
43.	20/12 '89	des.	21.433	13.931,00	26.791,25	895.770	604.100
44.	10/1 '90	feb.	21.514	13.984,10	26.892,50	1.222.806	827.935
45.	14/2 '90	feb.	10.689	6.947,85	13.361,25	608.297	411.348
46.	14/2 '90	feb.	10.689	6.947,85	13.361,25	608.297	411.348

47.	14/3 '90	mars	10.859	7.058,35	13.573,75	616.182	415.692
48.	14/3 '90	mars	10.859	7.058,35	13.573,75	616.182	415.692
49.	4/4 '90	apríl	10.894	7.625,80	15.796,30	654.499	523.817
50.	4/4 '90	apríl	10.893	7.625,10	15.794,85	654.451	523.770
51.	18/4 '90	maí	10.777	7.543,90	17.782,05	653.703	662.479
52.	18/4 '90	maí	10.778	7.544,60	17.783,70	653.747	662.541
53.	30/5 '90	júní	10.665	7.465,50	17.597,25	641.077	647.458
54.	30/5 '90	júní	10.665	7.465,50	17.597,25	641.077	647.458
55.	20/6 '90	júní	10.213	7.149,10	15.319,50	621.217	522.122
56.	20/6 '90	júlí	10.213	7.149,10	15.319,50	622.355	523.42
57.	9/7 '90	júlí	10.887	6.532,20	14.153,10	583.236	488.219
58.	9/7 '90	júlí	10.886	6.531,60	14.151,80	583.198	488.175
59.	6/8 '90	ágúst	20.847	12.508,78	26.058,75	1.133.539	868.062
60.	27/8 '90	sept.	9.968	5.977,20	12.460,00	534.732	418.521
61.	27/8 '90	sept.	9.967	5.977,20	12.458,75	534.732	418.437
62.	1/10 '90	okt.	9.800	6.030,53	12.401,10	554.972	411.090
63.	1/10 '90	okt.	9.800	6.030,53	12.401,10	554.972	411.090
64.	29/10 '90	nóv.	10.900	6.536,16	13.080,00	590.592	423.868
65.	29/10 '90	nóv.	10.900	6.536,16	13.080,00	590.592	423.868
66.	3/12 '90	des.	10.329	5.164,60	12.395,04	512.076	472.633
67.	3/12 '90	des.	10.329	5.164,60	12.395,04	562.543	472.635
68.	14/1 '91	jan.	9.828	5.061,60	11.943,60	439.730	422.167
69.	14/1 '91	jan.	9.828	5.061,60	11.943,60	472.429	422.166
70.	14/2 '91	feb.	21.745	10.866,40	26.094,00	992.172	935.361
71.	25/3 '91	apríl	21.215	10.607,43	26.094,45	940.907	916.561
72.	22/4 '91	maí	19.990	9.995,08	24.587,70	892.158	850.603
73.	16/5 '91	maí	19.847	10.230,78	24.711,81	953.200	844.100
74.	11/ 6 '91	júní	22.170	11.083,72	27.269,10	963.640	955.627
75.	24/6 '91	júlí	22.317	11.158,56	31.242,00	958.061	1.170.136
76.	19/7 '91	júlí	21.868	10.934,03	26.897,64	956.638	853.652
77.	5/8 '91	ágúst	21.704	10.852,38	26.695,92	958.540	854.309
78.	30/8 '91	sept.	21.854	10.927,22	26.880,42	962.824	859.186
79.	7/10 '91	okt.	21.789	10.893,20	26.800,47	969.734	869.728
80.	10/10 '91	okt.	2.520	1.260,00	3.099,60	153.395	100.580
81.	11/11 '91	nóv.	21.816	10.906,81	26.833,68	973.150	864.403
82.	2/12 '91	nóv.	19.605	9.802,60	24.114,15	923.340	793.970
83.	30/12 '91	jan.	21.489	10.744,69	26.431,47	926.841	824.970
84.	13/1 '92	jan.	20.937	10.468,72	25.752,51	881.490	803.776
85.	27/1 '92	feb.	8.980	4.490,00	11.045,40	393.195	338.882

86.	27/1 '92	feb.	21.531	10.763,93	26.483,13	886.810	812.616
87.	2/3 '92	mars	21.800	10.900,00	26.814,00	880.740	820.588
88.	23/3 '92	apríl	31.880	15.940,00	39.212,40	1.330.777	1.201.762
89.	8/4 '92	apríl	20.088	10.042,70	24.708,24	836.330	757.317
90.	13/5 '92	maí	21.558	10.777,54	26.553,24	876.371	803.924
91.	2/6 '92	júní	21.313	10.655,06	26.214,99	870.236	801.333
92.	10/6 '92	júní	19.958	9.978,20	24.548,34	821.641	750.356
							<u>46.176.441</u>

II. Innflutningur á pappaðskjum:

Nr.	Dags. vöru- reiknings:	Til uppgjör- s á kartöflu- sendingum nr.:	Stykkja- fjöldi	Verð skv. fram lögð- um gögnum, NLG:	Raunveru- legt verð, NLG:	Greidd aðflutnings- gjöld, kr.:	Vangreidd aðflutnings- gjöld, kr.:
1.	3/8 '88	1 – 6	54.000	40.500	5.400,00	31.098	26.604
2.	13/12 '88	7 – 12	59.400	44.550	5.940,00	32.033	27.229
3.	10/3 '89	13 – 18	49.500	40.500	4.950,00	30.944	26.945
4.	30/6 '89	19 – 24	59.400	44.550	6.700,00	63.983	50.280
5.	28/7 '89	25 – 30	58.300	43.725	5.841,00	61.083	52.669
6.	14/9 '89	31 – 36	57.200	42.900	6.183,00	66.300	55.674
7.	11/12 '89	37 – 40	48.400	36.300	5.477,85	57.572	48.261
8.	15/2 '90	41 – 44	68.200	50.864	6.774,05	512.842	437.060
9.	26/4 '90	45 – 50	64.900	48.675	6.477,15	485.533	416.769
10.	5/9 '90	51 – 56	75.900	64.515	7.452,45	650.454	571.250
11.	4/10 '90	57 – 61	56.100	47.685	5.934,95	482.087	417.958
12.	7/11 '90	62 – 67	51.700	43.945	5.523,70	431.225	372.855
13.	27/3 '91	68 – 71	59.400	50.490	6.022,35	475.813	415.344
14.	27/6 '91	72 – 74	60.500	51.425	6.159,89	478.006	416.538
							<u>3.335.436</u>

Telst þetta varða við 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Til vara er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, og ef dæmd verður refsivist, að hún verði skilorðsbundin. Þá er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði að mati réttarins.

Samkvæmt vitnisburði Sævins Bjarnasonar, deildarstjóra endurskoðunar-deildar ríkistollstjóraembættisins, og samkvæmt öðrum gögnum málsins

var það árið 1991, sem tekinn var til skoðunar innflutningur á frönskum kartöflum vegna grunsemda um, að í einhverjum tilvikum væri uppgengið verð of lágt. Þá hafi verið kannað verð aftur í tímann hjá nokkrum innflytjendum og þá komið í ljós, að miklar verðlækkanir höfðu orðið í kjölfar hækkaðra gjalda hér á landi. Þessu næst hafi verið leitað aðstoðar hollenskra tollyfirvalda við rannsókn málsins, og fóru í því skyni tveir starfsmenn tollgæslunnar til Hollands árið 1992 til gagnaöflunar. Verður vikið að því síðar.

Rannsókn tollyfirvalda leiddi til þess, að endurákvörðun voru aðflutningsgjöld á 92 vörusendingum á frönskum kartöflum til fyrirtækis ákærða, en það eru þær vörusendingar, sem lýst er í ákæru.

Í bréfi ríkistollstjóra til ákærða, sem dags. er 1. febrúar 1993, er ákærða gefinn kostur á að koma að skýringum. Segir m. a., að gögn, sem aflað hafi verið með aðstoð hollenskra tollyfirvalda, sýni ótvírætt að mati embættisins, að verð á vöruheikningum fyrir franskar kartöflur, sem fyrirtæki ákærða framvísaði við tollafgreiðslu á því tímabili, sem ákæra tekur til, hafi verið mun lægra en viðskiptaverð, sem beri að leggja til grundvallar við ákvörðun tollverðs. Þá segir í bréfinu, að gögnin sýni, að hluti kartöfluverðs hafi verið færður til hækkunar verðs á pappaöskjum, sem fluttar voru til landsins frá sama fyrirtæki ytra, og að lækkað verð á frönskum kartöflum hafi verið háð því skilyrði, að pappaöskjur væru keyptar jafnhliða frönsku kartöflunum, og því sé ekki unnt að samþykkja hið reikningsfærða verð á frönskum kartöflum sem viðskiptaverð í tollalegu tilliti. Endurákvörðun aðflutningsgjalda var síðan ákveðin, eins og rakið hefur verið, og byggð á b-lið 1. mgr. 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 10. gr. reglugerðar nr. 395/1987 um tollverð og tollverðsákvörðun.

Endurákvörðunin var kærð til ríkistollanefndar, sem kvað upp úrskurð sinn í málinu 28. maí 1993. Var þar staðfest endurákvörðun ríkistollstjóra á tollverði fyrstu 75 vörusendinganna, sem lýst er í ákæru, en breytt var grundvelli verðs til útreiknings tollverðs á sendingum nr. 76 til og með sendingu nr. 92. Í úrskurði ríkistollanefndar segir um kartöflusendingar nr. 76-92 í ákæru, að nefndarmenn telji það verð, sem ákærði lagði fram til grundvallar við útreikning tollverðs, ótrúverðugt, og því beri að hafna á grundvelli b-liðar 1. mgr. 8. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Niðurstöðutala 1. kafla ákæru um vangreidd aðflutningsgjöld á frönskum kartöflum, samtals 46.176.441 kr., er í samræmi við niðurstöður ríkistollanefndar, sem lýst var.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum og þau gögn, sem málatilbúnaður ákæruvaldsins byggist á. Fjallað verður saman

um báða kafla ákærunnar, annars vegar um innflutning á frönskum kartöflum og hins vegar innflutning á pappaöskjum.

Ákærði hefur fyrir dóminum neitað sakarefni samkvæmt ákæru.

Ákærði hefur lýst réttar upplýsingar í öðrum dálkum I. kafla ákæru, er lýtur að innflutningi á frönskum kartöflum, öðrum en dálkinum, þar sem fjallað er um raunverulegt verð, svo og dálkinum um vangreidd aðflutningsgjöld. Á sama hátt hefur ákærði lýst réttar upplýsingar í II. kafla ákæru um innflutning á pappaöskjum utan öðrum dálki, sem heitir: Til uppgjörs á kartöflusendingum nr., og þriðja síðasta dálki, sem heitir: Raunverulegt verð.

Ákærði bar fyrir dóminum 26. október sl., að hann hefði verið stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Garra hf. og nú Gnípu hf. þann tíma, sem ákæra tekur til. Ákærði kvaðst hafa átt viðskipti við Meijer Frozen Food í Hollandi (hér á eftir skammstafað M. F. F.) í átta til tíu ár. Hann neitar því, að tengsl hafi verið á milli verðsins á frönsku kartöflunum annars vegar og pappaöskjum hins vegar. Pappaöskjurnar hafi verið fluttar til landsins samhliða, en engin tengsl verið þar á milli, nema fylgni hafi verið á milli magns, þannig, að ákveðið magn af öskjum þurfi undir kartöflurnar við sölu eða neyslu. Ákærði kvaðst hafa samið beint við sölumann M. F. F. í Hollandi, en sá heitir den Hamer, um verð bæði á frönskum kartöflum og pappaöskjum.

Fram kemur í gögnum málsins, að verð á frönskum kartöflum til fyrirtækis ákærða lækkaði um u. þ. b. 50% samkvæmt vörureikningi, sem dagsettur er 17. júlí 1988, en það er fyrsti vörureikningur, sem lýst er í ákæru, frá því, sem verið hafði fyrri hluta sama árs.

Ákærði kvaðst, svo sem áður greinir, hafa samið beint við den Hamer um verð á kartöflunum. Hann lýsti því, að fyrirtæki sitt hefði verið hætt að selja nokkuð af frönskum kartöflum vegna þess, að það hefði ekki verið samkeppnisfært um verð miðað við það verð, sem keppinautar þess buðu fyrir sams konar vöru. Þá hefðu aðflutningsgjöld hækkað mjög um þetta leyti.

Á sama tíma og kartöflurnar lækkuðu í verði, en dagsetning fyrsta vörureiknings er 19. júlí 1988, hófst innflutningur fyrirtækis ákærða á pappaöskjum. Ákærði kvað ástæðuna hafa verið þá, að nýtt viðhorf hefði orðið hjá M. F. F. við markaðssetningu þessa varnings hér á landi. Hefði það verið fólgið í því að gera nafn fyrirtækisins sýnilegt og að merkja pappaöskjurnar nafni fyrirtækisins, merkja bifreiðar og auglýsa í tímaritum og fleira. Hafi þetta verið gert í því skyni að gera nafn hins erlenda framleiðanda þekkt hérlandis.

Svo sem rakið var að framan, héldu tveir starfsmenn tollgæslunnar til Hollands vegna rannsóknar máls þessa og fleiri mála. Verða nú rakin gögn, sem aflað var ytra, og einnig framburður ákærða þar um.

Meðal þessara gagna eru skjöl, sem fengin eru úr bókhaldi M. F. F. í Hollandi. Skjöl þessi eru af hálfu ákærvalds sögð sýna, að uppgjör milli fyrirtækis ákærða og hins erlenda aðila hafi verið svo sem lýst er í ákæru og að aðflutningsskýrslur hafi einungis sýnt hluta þess verðs, sem ákærði greiddi raunverulega fyrir kartöflurnar. Það, sem á vantaði, hafi verið fært á reikning fyrir pappaöskjur, sbr. lýsingu í ákæru. Skjöl þessi eru sögð sýna uppgjör fyrir kartöflusendingar nr. 1–74 í ákæru. Eitt þeirra skjala, sem ákærði kvaðst hafa fengið í hendur af þessum gögnum, er merkt R-10. Er texti þess svohljóðandi:

„Good afternoon,

Re: French fry cups

In our last calculation we covered shipments up till 23rd August 1989 included.

Till now following shipments are still outstanding:

date invoice nr	volume	price difference
30.8.89 1003	20.834 kg	1,00 – 0,40 = 0,60
01.11.8 1954	21.555 kg	1,25 – 0,40 = 0,85

Total amount to be covered: dfl 30.822,15.

On next week's vessel we will ship 44 cartons × 1100 cups as settlement of both shipments for a total value of dfl 36.300.

Kind regards,

Karin de Bruyn

Meijer Frozen Foods b.v.“

Ákærði bar fyrir dóminum, að hann hefði einungis séð hluta þessara skjala, sem merkt eru R-1 til R-41 meðal gagna málsins. Skjal R-10, sem rakið var hér að ofan, kvaðst ákærði hafa fengið sent með reikningi og ekki kunna önnur skil á skjalinu en að fjöldi og verð á pappaöskjum væri rétt. Ákærði sagði afstöðu sína hina sömu til allra þeirra R-skjala, sem honum bárust. Hann taldi sig hafa greitt umsamið verð fyrir franskar kartöflur og sér hafa komið þessir reikningar spáskt fyrir sjónir og ekki geta útskýrt það, sem á þeim er. Ákærði kvað sig ekki varða það, sem á reikningunum stendur, þar sem hann taldi sig hafa greitt umsamið verð á kartöflunum at-
hugasemdalaust. Þá kvaðst hann hafa keypt pappaöskjurnar á því verði, sem fram komi á reikningunum, en aðspurður um það, hvort verð á öskjun-

um væri ekki hátt, kvað hann það afstætt. Ákærða var bent á hluta gagna málsins, þar sem fram kemur, að yfirverð hafi verið á pappaöskjunum. Kvaðst ákærði telja það vera mat einhverra manna, hann hefði keypt þær við þessu verði.

Ákærði bar fyrir dóminum, að hann hefði fengið bréf frá M. F. F., sem dags. er 9. nóvember 1989. Í bréfinu segir m. a.: „Að því er munnþurrkur varðar, þá tilkynnist þér hér með, að þær litlu birgðir, sem við liggjum með, aðallega til notkunar á sýningum, eru ekki nægilegar til að gegna sannfærandi hlutverki í uppgjöri útistandandi upphæða. Ég legg því til, að haldið sé áfram með kartöflubollana til að ganga frá útistandandi heildarskuld 1989.“

Ákærði kvaðst ekki skilja efni bréfsins og ekki geta svarað spurningum um það.

Ákærði kvaðst hafa sent M. F. F. bréf, sem dags. er 22. nóvember 1989. Í þessu bréfi segir m. a.: „Mér þykir mjög leitt, að ég verð að vera því ósamála, að við skuldum ykkur mismun fyrir tvo gáma. Að því er við best getum séð, er aðeins um einn gám að ræða, sem eftir er að greiða. Vörureikningur ykkar nr. 902605 gerir upp allar óuppgerðar greiðslur fram að þeim tíma, og síðan höfum við aðeins keypt einn gám samkvæmt vörureikningi nr. 1954.

Hvað greiðslur varðar, vil ég halda venjubundnum hætti, það er, að við gerum upp þrjá gáma í einu. Svo, ef þið hafið ekki afhent í þetta skipti þrjá gáma eins og venjulega, vinsamlegast sendið allar sömu munnþurrkurnar/bollana eins og þegar voru sendar svo margar, og við munum jafna þetta út með afhendingum síðar.

Enn fremur set ég fram þá ósk til hr. den Hamer í þetta sinn: Sendið þið munnþurrkur, þar sem við höfum birgðir af bollum, sem endast munu næstu þrjú árin. Einnig, ef ég man rétt, þá voruð þið beðin um síðastliðið vor að senda munnþurrkur í staðinn fyrir bolla, en fram að þessu hefur ykkur ekki tekist það, eftir því sem ég fæ séð. Ástæðan er okkur ókunn.“

Ákærði kvað texta bréfsins varða fylgnina milli fjölda kartöfluboxa og magns kartaflna. Þá hafi ákærði reynt að fá munnþurrkur í stað kartöfluboxa, og hafi ákærði ýkt, er hann greindi svo frá í bréfinu, að til væru þriggja ára birgðir af boxum, en ýkjurnar hafi verið til þess að leggja áherslu á ósk sína um munnþurrkur.

Þá er bréf frá M. F. F., sem ákærði kvaðst hafa fengið í hendur, en bréfið er dags. 23. nóvember 1989. Í bréfinu segir m. a.: „Ástæðan fyrir því, að við getum ekki sent neinar munnþurrkur, var útskýrð í faxi mínu 9. nóvember 1989. Við höfum ekki nægilegar birgðir til sannfærandi uppgjörs á upphæðinni, nema þú haldir, að íslenski tollurinn muni trúa því, að 1 stök pappírs-munnþurka sé nokkurra gyllina virði hver.....!“

Fyrir dóminum kvaðst ákærði ekki skilja þennan texta, hann væri bara rugl.

Þá er bréf, dags. 27. nóvember 1989, er ákærði sendi M. F. F. Par segir m. a.: „Til þess að yfirstíga þá erfiðleika, sem að okkur steðja nú, legg ég til, að þú sendir, í fyrsta lagi 200.000 Butler-munnþurrkur til uppgjörs á um það bil þremur 40 feta gámasendingum, eða í öðru lagi, ef þú getur ekki skaffað munnþurrkurnar sökum alls engrar vinnu þinnar, að þú gerir mér það ógagn að senda enn einu sinni bolla, en misnotaðu ekki vinsemd mína í framtíðinni, og gerðu það ekki að vana.“

Ákærði kvaðst hér vera að vísa til þess, að hann hefði viljað fá munnþurrkur í staðinn fyrir pappaöskjur, og kvað ákærði það sjást á bréfaskriftunum, að vilji sinn hefði staðið til þess og hann talið, að munnþurrkur væri heppilegri aðferð til að auglýsa nafn fyrirtækisins. Ákærði bar, svo sem rakið var, að ekkert samband væri milli verðs á frönskum kartöflum annars vegar og hins vegar verðs á pappaöskjum, svo sem lýst er í ákæru.

Vitnið Sævin Bjarnason deildarstjóri kom fyrir dóminn 30. október sl. og greindi þá frá ferð sinni og Brynjólfs Karlssonar til Hollands 1992 vegna rannsóknar máls þessa og fleiri mála. Áður hefur verið vikið að framburði Sævins um upphaf rannsóknar máls þessa. Sævin kvað hollensk yfirvöld hafa lagt hald á gögn í bókhalði M. F. F., og þar hafi skjölin verið merkt R-1 til R-41, svo sem lýst er að framan. Sævin kvaðst telja þessi skjöl sýna, að verð á reikningum fyrir franskar kartöflur, sem skilað var við tollafgreiðslu kartaflnanna, hafi ekki verið raunverulegt verð; mismunurinn hafi verið færður á pappaöskjurnar. Sævin kvað skjölin sýna, að verð á einni pappaöskju hafi í sumum dæmum verið herra en verð á 1 kg af frönskum kartöflum. Sævin útskýrði, hvernig skjöl þessi voru notuð til að reikna út tollverð kartaflnanna. Þá greindi hann frá því, að þessi gögn ættu við um sendingar á frönskum kartöflum nr. 1–74 í ákæru, en stuðst hefði verið við reikning, sem fannst í bókhalði M. F. F. vegna sendingar nr. 75. Ekki hafi fundist nein stoðgögn um sendingar nr. 76–92, en til ákvörðunar tollverðs fyrir þær sendingar hafi verið fundið meðaltal fyrir sendingar á undan og síðar verið stuðst við úrskurð ríkistollanefndar, svo sem getið var um að framan.

Vitnið Brynjólfur Karlsson deildarstjóri kom fyrir dóminn 30. október sl.

Brynjólfur lýsti ferð sinni og Sævins Bjarnasonar til Hollands vegna rannsóknar máls þessa og fleiri mála.

Brynjólfur kvaðst ásamt Sævin hafa verið viðstaddur, þegar Jacobus den Hamer og Pieter Verhey voru yfirheyrðir í Hollandi vegna þessa máls. Brynjólfur kvað engin gögn hafa borist frá hollenskum yfirvöldum, sem

tengdust vörusendingum nr. 76-92 í ákæru, og styddust útreikningar tollyfirvalda hér á landi varðandi þessar vörusendingar við úrskurð ríkistollanefndar, sem rakinn var að framan.

18. febrúar 1992 var Jacobus den Hamer yfirheyrður af hollenskum yfirvöldum í tengslum við rannsókn máls þessa. Skýrslan er svohljóðandi: „Ég hef umboð forstjóra Meijer Frozen Foods til að gefa yfirlýsingu fyrir hönd fyrirtækisins. Ég er sölumaður hjá Meijer Frozen Foods og held uppi samböndum við Garra hf. á Íslandi. Frágangur vörureikninga („frakturering“) og verðsamkomulag (prijstelling = price fixing á ensku) er samkvæmt samkomulagi við Magnús Jónsson, forstjóra Garra hf. Vörureikningar frá Meijer til Garra frá 1988, sem þið sýnduð mér og viðbótarreikningar hafa verið gefðir fyrir, segja mér ekkert lengur, það er of langt um liðið. Fyrir utan forsteiktar franskar kartöflur afgreiðum við líka aukavörur, svo sem bakka undir steiktar kartöflur og servíettur, til Garra hf. Kartöflubakkarnir eru afgreiddir undir sama merki. Frönsku kartöflurnar eru seldar Garra á 0,50 til 0,60 cent (þ. e. hollensk cent, þýð.) hvert kíló, þar sem þannig er um samið við kaupandann. Öðru vil ég ekki lýsa yfir um verðsamkomulagið.“

20. október 1992 var Pieter Verhey yfirheyrður ytra, og hljóðar skýrsla hans svo: „Ég er forstjóri Meijer Frozen Foods og hef sem slíkur umboð til að gefa yfirlýsingu fyrir hönd fyrirtækisins. Ég skrifa undir, að á grundvelli kartöfluverðsins sjálfs, sem reyndar fyrirfinnst líka á öðrum markaðssvæðum, er um að ræða, án þess að aðrar sölur komi til, lítt arðsamar sölur. Þetta gildir um verð á frönskum kartöflum undir meðalframleiðslukostnaði, sem er um Hfl. 0,65 á kíló. Þessi Hfl. 0,65 á kíló er fastur kostnaður hjá verksmiðju okkar. Ég vona að verða laus allra mála með þessari yfirlýsingu.“

Vitnin Nanna Finnsdóttir, Magnús Rósinkrans Jónsson og Elísabet B. Mikaelisdóttir komu öll fyrir dóminn 26. október sl.

Vitnin unnu öll hjá fyrirtæki ákærða hluta tímabilsins, sem ákæran tekur til, eða allan tímann.

Ekkert vitnanna gat borið um uppgjör fyrirtækis ákærða við M. F. F. í Hollandi eða verðsamkomulag við það fyrirtæki. Þau mál hafi ákærði annast. Ekki er ástæða til að rekja framburð vitnanna frekar hér.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, neitar ákærði sökum.

Honum eru gefin að sök brot gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987.

1. og 2. mgr. 126. gr. tollalaga eru svohljóðandi: „Nú gefur maður tollstarfsmanni ranga skýrslu eða leggur fram gögn, sem eru röng eða villandi

um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru, og skal hann þá sæta sektum, nema hann sanni, að hvorki honum né þeim, sem kemur fram fyrir hans hönd, verði um kennt.

Nú verður maður uppvís að því að láta tollstarfsmanni í té rangar upplýsingar, sbr. 1. mgr., í því skyni að svíkja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum, og skal hann þá sæta sektum svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað. Sömu refsingu skal sá sæta, sem veit eða má vita, að upplýsingar, sem hann lætur tollstarfsmönnum í té, eru til þess fallnar að hafa framangreind áhrif“.

Ákærða er þannig gefið að sök að hafa framvísað við tollyfirvöld vöru-reikningum og aðflutningsskýrslum, sem einungis sýndu hluta af því verði, er hann raunverulega greiddi fyrir frönsku kartöflurnar, í því skyni að svíkja undan verulegan hluta aðflutningsgjalda.

Áður var vikið að því, að rannsóknaraðilar máls þessa hefðu haldið til Hollands til gagnaöflunar. Sum þessi skjöl voru rakin hér að framan. Þá kom fram, að fleiri aðilar, sem fluttu inn franskar kartöflur frá Hollandi, hefðu á ýmsan hátt og í samvinnu við erlenda viðsemjendur sína samið um verðtilfærslur með ýmsu móti, en einkum á þann hátt að hækka verð á öðrum vörum, sem voru fluttar inn samhliða frönsku kartöflunum, en báru lægri aðflutningsgjöld, allt í því skyni að lækka aðflutningsgjöld hér á landi.

Þetta kemur heim og saman við framburð ákærða þess efnis, að fyrirtæki hans hafi ekki verið samkeppnisfært, áður en lækkun fékkst á verði frönsku kartaflnanna, svo sem lýst var. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum lækkaði verð á frönskum kartöflum til fyrirtækis ákærða um nærri 50% frá því, sem var samkvæmt reikningi frá M. F. F., sem dags. er 14. júní 1988, og þar til reikningurinn frá 19. ágúst 1988 kom, þ. e. fyrsti reikningurinn, sem getið er um í ákæru. Á sama tíma hækkuðu mikið aðflutningsgjöld á frönskum kartöflum. Þá hófst innflutningur ákærða á pappaboxum á sama tíma.

Sum málanna, sem rannsókn sættu og getið var um að framan, hafa þegar hlotið dómsmeðferð á báðum dómstigum. Dómurinn telur réttarheimildir þær, sem verjandi ákærða hefur fundið að og telur eiga að leiða til sýknu, hafa fullnægjandi lagastöð og að ekki hafi verið sýnt fram á aðra þá agnúa á þessum réttarheimildum, að leiða eigi til sýknu ákærða. Dómurinn telur reyndar, að úr því álitaefni hafi þegar verið leyst með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 462/1994, þar sem fjallað var um sakarefni hliðstætt því, sem hér um ræðir, en dómstólar kanna af sjálfsdáðum hverju sinni gildi þeirra réttarheimilda, sem vitnað er til hverju sinni og málatilbúnaður aðila byggist á.

Samkvæmt þessu er sýknukrafa verjanda á þessum forsendum ekki tekin til greina.

Þá telur dómurinn ákærða ekki geta ráðið tollverði vöru, hér franska kartaflna, með samningi við erlendan viðsemjanda sinn um verð, sem háð er skilyrðum, eins og lýst hefur verið um innflutning og kaup á pappaöskjum samhliða frönsku kartöflunum varðandi kartöflusendingar nr. 1–75, sbr. síðar.

Dómurinn telur ofanritað svo og með vísan til skjala úr bókhaldi M. F. F. og með öðrum gögnum málsins, svo sem bréfaskriftum milli fyrirtækjanna, og ótrúverðugan framburð ákærða um sumt af því, sem þar kemur fram, renna stoðum undir og sanna, að verð það, sem ákærði segist hafa greitt fyrir kartöflusendingar nr. 1–75, hafi ekki verið raunverulegt verð, sbr. ákæru.

Samkvæmt þessu telur dómurinn sannað með vísan til ofanritaðs og að öðru leyti með vísan til gagna málsins, að verð það, sem í ákæru segir, að hafi verið raunverulegt verð fyrir kartöflurnar, hafi verið svo, að því er varðar vörusendingar nr. 1–75. Ákærði hafi því með því að framvísa þeim reikningum fyrir franskar kartöflur vegna sendinga nr. 1–75 gerst brotlegur við 2. mgr. 126. gr. laga nr. 55/1987, svo sem í ákæru greinir.

Á sama hátt telur dómurinn sannað með vísan til ofanritaðs, að ákærði hafi með fulltingi hins erlenda seljanda fært það, sem á kartöfluverðið vantaði, á annan varning, pappaöskjur, sbr. ákærulið II, og greitt of há gjöld af þeim varningi, svo sem lýst er í ákæru, og varða brot ákærða við tilvitnað ákvæði tollalaga.

Í ákæru eru vangreidd aðflutningsgjöld sögð nema samtals 46.176.441 krónu. Áður var að því vikið, að sú fjárhæð byggðist á endurákvörðun tollverðs, eftir að ríkistollanefnd hafði leiðrétt viðmiðunarverð vegna kartöflusendinga nr. 76–92, en staðfest endurákvörðun ríkistollstjóra að öðru leyti. Endurákvörðun ríkistollstjóra er reist á b-lið 1. mgr. 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 10. gr. reglugerðar nr. 395/1987 um tollverðsákvörðun.

Í úrskurði ríkistollanefndar var staðfest endurákvörðun ríkistollstjóra um endurákvörðun tollverðs vegna vörusendinga nr. 1–75, en vegna sendinga nr. 76–92 segir, að verð það, sem ákærði sagði vöruna kosta, væri ótrúverðugt. Var því hafnað á grundvelli b-liðar 1. mgr. 8. gr. tollalaga, og var vísað til 10. gr. reglugerðarinnar nr. 395/1987, er ákvarðað var nýtt tollverð, er leggja skyldi til grundvallar við tollafgreiðslu þessara vörusendinga.

Í ffnislýsingu ákæru segir, að það, sem upp á vantaði rétt verð fyrir 92 kartöflusendingarnar, hafi með fulltingi hins erlenda seljanda verið fært yfir á annan varning, pappaöskjur, sem hafi borið mun lægri aðflutningsgjöld en kartöflurnar. Því hefur áður verið lýst, að engin gögn séu til, sem sýni, að uppgjöri hafi verið háttað, svo sem lýst er í ákæru, vegna kartöflusendinga nr. 76–92.

Pótt tollyfirvöld hafi endurákvörðað tollverð fyrir þessar vörusendingar, svo sem lýst var að framan, telur dómurinn ekki unnt gegn neitun ákærða að sakfella hann vegna þessara sendinga, enda efnislýsing í ákæru ekki rétt miðað við það, sem nú hefur verið rakið. Rétt þykir að taka fram, að í máli þessu er engin afstaða tekin til endurákvörðunar tollverðs, hvorki fyrir vörusendingar nr. 1–75 né fyrir sendingar nr. 76–92. Niðurstaða máls þessa byggist á því, að sannað er á þann hátt, sem rakið var, hvert raunverulegt verð kartaflnanna var, en endurákvörðun tollverðs er ekki liður í þeirri sönnun. Ákærði er þannig sýknaður af brotum tengdum kartöflusendingum nr. 76–92.

Samkvæmt þessu lækkar andlag vangreiddra aðflutningsgjalda fyrir franskar kartöflur um 13.111.352 kr. frá því, sem í ákæru greinir, og nemur það því samtals 33.065.089 krónum.

Síðustu brot ákærða voru framin í júní 1992, og síðasta yfirheyrsla ákærða undir rannsókn málsins fór fram í byrjun febrúar 1993, en tollgæslustjóri sendi ríkissaksóknara gögn málsins með bréfum, dagsettum 11. júní og 16. ágúst s. á. Dráttur sá, sem orðinn er á meðferð máls þessa, einkum hjá embætti ríkissaksóknara, er ámælisverður og andstæður meginreglu 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991, um að hraða skuli meðferð máls eftir föngum, og er jafnframt andstæður 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994, en þar er kveðið á um rétt sakborninga til að fá mál sitt tekið fyrir innan hæfilegs tíma.

Brot ákærða eru stórfelld, og er refsing hans ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði gekkst síðast undir dómsátt árið 1989 fyrir umferðarlagabrot, og þar áður hlaut ákærði refsingu fyrir skjalafals með dómi í apríl 1984. Ekki þykir ástæða að rekja frekar sakaveril ákærða. Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvö ár.

Dómurinn telur sakarefni máls þessa svo háttað, að skilorðsbinding refsingar ákærða kæmi ekki til álita við venjulegar kringumstæður. Hins vegar og vegna hins ámælisverða dráttar á máli þessu, sem rakinn var, þykir rétt að skilorðsbinda refsivist ákærða, svo sem dómaframkvæmd býður, en gengið hafa dómar, þar sem sakarefni var svipað eða sams konar og í máli þessu, og einnig dómar um annars konar sakarefni, þar sem dráttur á máli hefur leitt til skilorðsbindingar refsingar að öllu leyti eða að hluta. Með vísan til þessa skal fresta fullnustu 21 mánaðar af refsivist skilorðsbundið í tvö ár frá uppsögu dómsins að telja og sá hluti refsingarinnar falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Fram kom undir rekstri málsins, að þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til innheimtu vangreiddra aðflutningsgjalda og tryggingar verið látnar í té af hálfu ákærða í því skyni. Í þessu ljósi þykir rétt að gera ákærða ekki sekt jafnframt refsivistinni.

Ákærði greiði 75.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins. Að öðru leyti greiði ákærði 4/5 hluta sakarkostnaðar á móti 1/5 hluta, sem greiða skal úr ríkissjóði, þ. m. t. 4/5 af 100.000 króna málsvarnarlaunum verjanda síns, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Rósinkrans Jónsson, sæti fangelsi í tvö ár, en fresta skal fullnustu 21 mánaðar af refsivistinni skilorðsbundið í tvö ár frá uppsögu dómsins að telja, og skal sá hluti refsingarinnar falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 75.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærði að 4/5 hlutum á móti 1/5 hluta, sem greiða skal úr ríkissjóði, þ. m. t. tilgreindan hluta af 100.000 króna málsvarnarlaunum verjanda síns, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmans.
